17. **Skaptafellssýslupósturinn** fer frá *Prestsbakka*, þegar eptir komu aðal-póstsins þangað frá Odda, að *Borgarfelli í Skaptártungu* og snýr þaðan aptur að *Prestsbakka*. **127**
18. **Vestmannaeyjapósturinn** fer frá *Odda* að *Ljótarstöðum* daginn eptir komu aðal-póstsins frá Reykjavík, og snýr þegar aptur til *Odda*. Þegar póst-taskan kemur frá Vestmannaeyjum að Ljótarstöðum, skal henni komið svo snemma að Odda, að hún komist á aðal-póstinn á leið hans til Reykjavíkur.
19. **Rangárvallasýslupóstarnir** eru tveir:
    a. Fer annar frá *Ási* í Holtum, þegar eptir komu aðal-póstsins þangað frá Reykjavík, að *Fellsmúla á Landi* og snýr þaðan aptur að *Ási*.
    b. Hinn fer frá *Odda*, þegar eptir komu aðal-póstsins þangað frá Reykjavík, um Stórólfshvol að *Teigi í Fljótshlíð* og þaðan aptur sömu leið að Odda.
20. **Árnessýslupóstarnir** eru fjórir:
    a. Hinn fyrsti fer frá *Kotströnd í Ölfusi*, þegar eptir komu aðal-póstsins þangað frá Reykjavík, að *Úlfljótsvatni í Grafningi* og snýr þaðan aptur að *Kotströnd*.,
    b. Annar fer frá *Hraungerði*, sem fyrst eptir komu aðal-póstsins frá Reykjavík um *Arnarbæli í Grímsnesi* og *Mosfell* að *Torfastöðum* í *Biskupstungum* og þaðan aptur sömu leið að *Hraungerði*.
    c. Hinn þriðji fer sömuleiðis frá *Hraungerði*, sem fyrst eptir komu aðal-póstsins frá Reykjavík, um *Ólafsvelli* að *Reykjum á Skeiðum* og þaðan aptur sömu leið að *Hraungerði*.
    d. Hinn fjórði fer frá *Hraungerði*, sem fyrst eptir komu aðal-póstsins frá Reykjavík ofan á *Eyrarbakka*, og snýr þaðan aptur daginn eptir að *Hraungerði*.

Reykjavík, 5. desember 1894.

Landshöfðinginn yfir Íslandi

Magnús Stephensen.

Hannes Hafstein

Brjef landshöfðingja *til amtmannsins í suðuramtinu og vesturamtinu* **um flutning á þingstað.** — Eptir að hafa fengið þóknanlegt brjef yðar, herra amtmaður, dags. 5. f. m., vil jeg hjer með samkvæmt beiðni hreppsnefndarinnar í Vestur-Eyjafjallahreppi, er hlutaðeigandi sýslumaður hefur mælt með, samþykkja, að þingstaður fyrir Vestur-Eyjafjallahrepp sje fluttur úr Kverkarhelli í Seljalandsmúla að Yzta-Skála með því skilyrði, að hreppsnefndin annist um, að til verði hæfilegt hús til þinghaldanna á hinum nýja þingstað. **128** 7. nóv.

Þetta tilkynnist yður hjer með þjónustusamlega til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja* **um synjun konungsstaðfestingar á lagafrumvarpi.** — Með þóknanlegu brjefi, dags. 11. nóv. f. á., hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað lagafrumvarp, sem upp hefir verið borið af þingmanna hálfu og samþykkt á hinu reglulega alþingi 1893 um afnám dómsvalds hæstarjettar sem æðsta dómstóls í íslenzkum málum. **129** 10. nóv.

Þjer hafið viðvíkjandi frumvarpi þessu látið í ljósi, að þjer álítið rjettinn